VERKFRÆÐINGUR LANDSINS

Reykjavík, 27. febr. 1913

Samkvæmt fyrirmælum hins háa stjórnarráðs í brjefi til mín dags. 21. maí f.á. hef jeg gert áætlun og uppdrætti af brúm úr járnbendri steinsteypu á Hölkná og Miðfjarðará í Skeggjastaðaþinghá í Norðurmúlasýslu, og leyfi jeg mjer hjer með virðingarfyllst að senda tvö eptirrit af uppdráttunum, svo og endursenda brjef sýslumannsins í Norðurmúlasýslu dags. 10. maí f.á., er fylgdi áðurnefndu brjefi stjórnarráðsins.

Niðurstaðan af kostnaðaráætluninni er þessi:

Brú á Hölkná kostar	kr.	3600.00
Brú á Miðfjarðará kostar	kr.	4300.00
samtals	"	7900.00

og er þá áætlað að trjáviður sje seldur upp í kostnaðinn að afloknu verki, og hef jeg dregið áætlað verð hans frá brúakostnaðinum.

Jón Þorláksson

Til

Stjórnarráðs Íslands.

Stjórnarráð Íslands II
2 1045 28/9